

# Fyrsta aðgerðaáætlun Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokks, Flokks fólksins og Vinstri grænna á grundvelli samstarfsyfirlýsingar

Samstarfsyfirlýsingin var kynnt 21. febrúar 2025 og er þessum tillögum ætlað að raungera hluta þeirra verkefna sem þar eru sett fram.

## Aðgerðir í húsnæðismálum

### Tillaga um nýjar leiðir í uppbyggingu Reykjavíkurborgar og verkalyðshreyfingarinnar

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela borgarstjóra að efna til sameiginlegrar vinnu Reykjavíkurborgar og verkalyðshreyfingar þar sem markmiðið er að formgera samstarf um þróun nýrra leiða við skipulag, uppbyggingu húsnæðis og innviða og fjármögnun þeirra.

### Tillaga um nýja staðsetningu fyrir hjólabúa

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og skipulagsráði að finna betri staðsetningu fyrir hús á hjólum í stað núverandi staðsetningar á Sævarhöfða. Staðarvalsgreininguna skal vinna í samráði við Samtök hjólabúa.

### Tillaga um tilraunaverkefni um kjarnasamfélag

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og skipulagsráði að greina mögulega staðsetningu fyrir tilraunaverkefni um kjarnasamfélög (e. co-housing). Hafa skal til hliðsjónar viðmið Kjarnasamfélags Reykjavíkur og mótaður skal rammi í kringum tilraunaverkefnið í samráði við Kjarnasamfélagið um skipulag híbýla, fyrirkomulag búsetunnar og eignarhald.

## Greinargerð

Hugmyndafræði kjarnasamfélagsins er að efla híbýlaauð og samveru íbúa þar sem nóg er af plássi fyrir sameiginleg rými og samveran sett í fyrsta sæti. Í upphafi er myndaður hópur fólks sem sækist eftir búsetu þar sem tekið er tillit til þarfa hvers og eins en hópurinn hefur sett sér sameiginleg grunngildi og markmið. Út frá þeirri forskrift er síðan hannað og byggt híbýli fyrir kjarnasamfélagið.

### Tillaga um að vinna markvisst gegn lóðabraski

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og skipulagsráði að vinna tillögur að aðgerðum Reykjavíkurborgar gegn lóðabraski með því m.a. að setja ákveðnari ákvæði um tímabindingu uppbyggingarheimilda í skipulagsáætlunum (sbr. grein 37 a í gildandi skipulagslögum), takmarka endursöluheimildir á lóðum í eigu hins opinbera, setja ákveðnari skilmála og tímabindingu í lóðarleigusamninga borgarinnar og tryggja að úthlutun lóða og samvinna um deiliskipulag verði milliliðalaus við byggingaraðilann sjálfan.

## Aðgerðir í samgöngumálum

### Tillaga um endurskipulagningu Mjóddarinnar

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og skipulagsráði að ráðast í heildarendurskipulagningu Mjóddarinnar í samráði við íbúa. Þá skal strax hefjast handa við að vinna tillögur að úrbótum á biðstöðinni sjálfri og umhverfi hennar til skemmri og lengri tíma.

### Tillaga um nýja hjólréiðaáætlun Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og skipulagsráði að hefja vinnu við gerð nýrrar hjólreiðaáætlunar sem taki við af hjólreiðaáætlun 2021-2025.

### **Tillaga um breytingu á bílastæðareglum**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og skipulagsráði að gera tillögur að breytingum á bílastæðareglum borgarinnar með það fyrir sjónum að rýmka þær m.a. með því að endurskoða gjaldskyldusvæði, gjaldskyldutíma og önnur þau atriði sem íbúar hafa bent á.

### **Tillaga um endurskoðun á reglum um íbúakort**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og skipulagsráði að hraða vinnu við endurskoðun á reglum um íbúakort borgarinnar með það fyrir sjónum að skapa aukinn sveigjanleika fyrir íbúa og rekstraraðila.

### **Tillaga um bættar ljósastýringar**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela umhverfis- og skipulagsráði að gera tillögur að endurbótum á ljósastýringum. Þá skal jafnframt skoðað í samvinnu og samráði við Betri samgöngur hvernig hægt sé að flýta öðrum endurbótum á ljósastýringum sem falla undir samgöngusáttmálann.

### **Aðgerðir í velferðar- og menntamálum**

#### **Tillaga um bættar starfsaðstæður í leik- og grunnskólum**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að gera tillögur að því hvernig bæta má starfsaðstæður og vinnuumhverfi starfsfólks í leik- og grunnskólum í samvinnu við það sjálf, Kennarasambandið, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Háskóla Akureyrar.

#### **Tillaga um fjölgun leikskólaplássna**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að setja saman spretthóp kjörinna fulltrúa sem yfirfer niðurstöður stýrihópsins *Brúum bilið* og vinnur á þeim grundvelli kostnaðarmetna og tímasetta áætlun um fjölgun leikskólaplássna í Reykjavík. Skal spretthópurinn horfa til fjölbreyttra leiða, fjölga leikskóladeildum þar sem svigrúm er fyrir ásamt því að byggja nýja leikskóla og byggja við þá sem eldri eru.

#### **Tillaga um skólaþjónustu**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að gera tillögur um fjölgun sérfræðinga í skólakerfinu eins og talmeinafræðinga og sálfræðinga, greina hvar helst er þörf á slíkum stuðningi og gera kostnaðar- og tímasetta áætlun sem miðar að því að þjónusta verði í boði frá og með næsta skólaári.

#### **Greinargerð**

Byggt er á skýrslu stýrihóps um rýningu á biðlista barna og ungmenna eftir sálfræðiþjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar. Markmiðið er að stytta biðlista barna eftir skólaþjónustu og bregðast við sem fyrst með stuðningi við börn og foreldra.

#### **Tillaga um eflingu skólabókasafna**

Borgarstjórn samþykkir að fela skóla- og frístundaráði í samvinnu við stjórnendur í leik- og grunnskólum, skólabókasöfnin og m.a. Félag bókaútgefenda að rýna bestu leiðir til að efla og styrkja safnkost skólabókasafna.

#### **Greinargerð**

Markmið þessarar tillögu er m.a. að glæða lestraráhuga barna, þroska lestrarfærni þeirra og auka lesskilning með því að efla fjölbreyttan safnkost skólabókasafnanna. Skoða skal fjölbreyttar leiðir að þessu markmiði s.s. með nýjum bókasafnskosti en líka öðrum safnkosti, tæknilausnum og nýjungum.

### **Tillaga um betri aðstöðu Húsdýragarðsins**

Borgarstjórn samþykkir að fela menningar- og íþróttaráði að yfirfara áætlanir um úrbætur á aðstöðu í Húsdýragarðinum, kostnaðarmeta stækkun selalaugar og uppbyggingu þjónustuhúss.

### **Greinargerð**

Húsdýragarðurinn sem nú er samrekinn með Dýraþjónustu Reykjavíkur er í auknum mæli að virka sem dýraathvarf og þjónustumiðstöð fyrir dýratengd málefni á höfuðborgarsvæðinu. Í samstarfsyfirlýsingu Samfylkingarinnar, Pírata, Sócialistaflokks, Flokks fólksins og Vinstri grænna er kveðið á um innviðaúrbætur í þágu dýravelferðar sem varða stækkun selalaugar og uppbyggingu þjónustuhúss í Húsdýragarðinum. Hlúa þarf vel að dýrunum í borginni svo þau lifi við ásættanlegan og mannúðlegan aðbúnað. Dýravelferðarlög leyfa ekki að selunum sé sleppt í náttúruna enda eru þeir aldir upp í haldi allt sitt líf. Lagaskylda hvílir á sveitarfélögum gagnvart villtum dýrum í neyð og dýrum á vergangi og því hlutverki þarf borgin að sinna af alúð.

### **Aðgerðir í lýðheilsu- og forvarnarmálum**

#### **Tillaga um lengingu opnunartíma sundlauga**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela menningar- og íþróttaráði að útfæra tillögur um lengdan sumaropnunartíma í sundlaugum borgarinnar um helgar. Tilgangurinn er að efla félagsauð hverfa og forvarnarstarf í þágu ungmenna í borginni.

### **Greinargerð**

Tillagan felur í sér að opnunartími sundlauga borgarinnar um helgar verði lengdur á ný í sumar, en útfæra þarf hvar og hvernig opnunartíma verður breytt. Til álita kemur að taka upp sumar- og vetrartíma, þar sem opnunartíminn verði lengri yfir sumartímann. Skoða þarf hvaða útfærsla kann að nýtast ungmennum best og hafa hana til hliðsjónar við ákvarðanatöku.

#### **Tillaga um aðgerðir gegn ofbeldi**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela nýju mannréttindaráði að kortleggja alla vinnu borgarinnar gegn ofbeldi. Í framhaldi skal ráðið vinna tillögur að því hvernig unnið verður heildstætt gegn ofbeldi meðal barna og ungs fólks. Sérstaklega skal horfa til barna og ungmenna í viðkvæmri stöðu. Áhersla skal lögð á að fagfólk fari fyrr inn í aðstæður og veiti stuðning strax. Horfa skal til verklags „Saman gegn ofbeldi“.

### **Aðgerðir um bættan rekstur Reykjavíkurborgar**

#### **Tillaga um skilvirkara vinnulag um viðhald og rekstur eigna borgarinnar**

Borgarstjórn samþykkir að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, fjármála- og áhættustýringarsviði og umhverfis- og skipulagssviði að endurskipuleggja eignaumsýslu borgarinnar. Í því felst að endurskoða stjórnskipulag sem styður við skilvirka eigna- og viðhaldsstjórnun þar sem skipulag, verklag, ábyrgðarskil, áhættustýring og upplýsingagjöf verða bætt. Verkefni á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara verða endurskipulögð samhliða. Þá er sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs falið að endurskoða skipurit sviðsins með tilliti til framangreinds og með það að markmiði að einfalda og styrkja skipulags- og byggingarferla, bæta eftirlit með framkvæmdum og gæðastýringu.

### **Greinargerð**

Í samstarfsyfirlýsingu Samfylkingar, Flokks fólksins, Pírata og Sósíalístaflokksins og Vinstri grænna kemur fram að utánúthald um viðhald og rekstur eigna borgarinnar verður eft. Samstarfsflokkarnir leggja áherslu á að forgangsraða fyrir grunnþjónustu, fara betur með tíma og fjármuni borgarinnar og sýna ráðdeild í rekstri. Reykjavíkurborg ræður yfir stærsta eignasafni landsins. Rekstur eigna borgarinnar og viðhald þeirra er stór áskorun og þar liggja ýmis tækifæri til skipulagsbreytinga, aukinnar skilvirkni og hagræðingar. Í áfangaskýrslu sem lögð var fyrir borgarráð 19. október 2023 var samþykkt að setja af stað starfshóp til að endurskoða stjórnskipulag eigna og viðhalds. Mikilvægt er að flýta þeirri vinnu eins og kostur er í ljósi þess hversu mikið er í húfi. Því verður stofnaður spretthópur sem vinnur tillögur á grundvelli fyrirliggjandi vinnu hópsins og með markmið þessarar tillögu í fyrirúmi.

### **Tillaga um aukna skilvirkni í upplýsingamálum borgarinnar**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að vinna tillögur að því að gera upplýsingamál borgarinnar skilvirkari og bæta samræmda upplýsingagjöf.

### **Greinargerð**

Reykjavíkurborg er einn stærsti vinnustaður landsins og starfsfólk borgarinnar veitir íbúum fjölbætta þjónustu sem snertir líf þeirra með beinum og óbeinum hætti alla daga. Þó að þjónusta sé veitt af ólíkum fagsviðum og deildum innan borgarkerfisins er mikilvægt að byggja upp samræmd viðmið varðandi upplýsingagjöf. Samþætting á efni, merkingum og skilaboðum frá Reykjavíkurborg veitir íbúum betri innsýn í starfsemi og þjónustu borgarinnar og stuðlar einnig að betri tengingum starfsfólks þvert á svið og stofnanir. Krafa borgarbúa um tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um alla þætti þjónustu og stefnumála hefur aukist á sama tíma og aukin dreifing efnis á fjölbreyttum upplýsingaveitum gerir upplýsingaumhverfið flóknara þar sem aukin áskorun felst í því verkefni að koma upplýsingum á framfæri.

### **Tillaga um endurskoðun innkaupastefnu og innkaupareglna**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela innkaupa- og framkvæmdaráði að koma með tillögu að endurskoðaðri innkaupastefnu og innkaupareglum fyrir Reykjavíkurborg.

### **Greinargerð**

Reykjavíkurborg á að beita markvissum og öguðum vinnubrögðum við innkaup. Eftirlit með innkaupum og innkaupaheimildum skal eft. Tryggja þarf ráðdeild í rekstri og framkvæmdum Reykjavíkurborgar. Fylgja þarf *Græna planinu*, sem er yfirstefna borgarinnar. Reykjavíkurborg getur með innkaupum sínum haft mikil áhrif á samfélagið, mannréttindi og loftslagsbreytingar en á sama tíma sýnt ráðdeild í rekstri.

### **Tillaga um bætt yfirlit yfir innkaup og innkaupaheimildir**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að taka saman innkaup Reykjavíkurborgar og innkaupaheimildir sviða og starfsmanna. Á grunni þeirra greininga verði innkaupaheimildir endurskoðaðar.

### **Greinargerð**

Hér er verið að raungera það sem fram kemur í samstarfsyfirlýsingu Samfylkingar, Flokks fólksins, Pírata, Sósíalístaflokksins og Vinstri grænna. Með tillögunni verður farið yfir innkaup Reykjavíkurborgar og það skoðað hvernig skilgreina mætti betur innkaup og mögulega endurnýtingu hluta. Reykjavíkurborg á að beita markvissum og öguðum vinnubrögðum við innkaup. Með meiri stýringu má nýta fjármagn og tíma starfsfólks betur og forgangsraða grunnþjónustu.

### **Tillaga um að skerpa á keðjuábyrgð**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela innkaupa- og framkvæmdaráði að vinna tillögur til að skerpa á keðjuábyrgð, auka eftirlit með að rétt sé staðið að samningum við þriðja aðila varðandi kjör og starfsaðstæður vinnandi fólks svo koma megi í veg fyrir mögulega misnotkun. Innkaupa- og framkvæmdaráði ráði er einnig falið að koma með tillögur um hvernig yfirfara megi að rétt sé staðið að þegar gerðum samningum.

### **Tillaga um reglulegt samtal við verkalýðshreyfinguna**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela forsætisnefnd að formgera reglulegt samtal við verkalýðshreyfinguna á vettvangi borgarinnar.

### **Tillaga um hugmyndaleit um sparnaðartillögur**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að leita til starfsfólks Reykjavíkurborgar eftir hugmyndum hvernig megi nýta bæði tíma og fjármagn Reykjavíkurborgar sem best. Skoðaðar verði frumlegar og lýðræðislegar leiðir til að ná fram góðum hugmyndum í samtölum við starfsfólk m.a. með svokölluðu hakkaponi, hugmyndaleit og rökræðukönnunum.

### **Tillaga um að skerpa á verkefnavali í stafrænni þjónustu**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að hefja vinnu við endurskoðun á verkefnavali í stafrænni þjónustu með góða nýtingu fjármuna og grunnþjónustu í fyrirrúmi. Stafrænu ráði er falið að uppfæra samþykktir og verklag ráðsins.

### **Greinargerð**

Mikilvægt er að endurskoða verkefnaval í stafrænni þjónustu með sparnað og þarfir íbúa í fyrirrúmi. Með endurskipulagningu og styrkingu á samþættingu upplýsingamála og aukinni þjónustu við fagsvið og deildir má búast við aukinni skilvirkni og hagræðingu.

### **Tillaga um aukið samstarf um stafrænar lausnir og eflingu net- og gagnaöryggis**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að efla samstarf við ríkið og önnur sveitarfélög um skilvirka nýtingu stafrænna lausna og notkun gervigreindar. Stafrænu ráði er falið að vinna tillögur að nánari útfærslu þar sem einnig verður hugað að eflingu net- og gagnaöryggis í borgarkerfinu.

### **Greinargerð**

Hér er verið að raungera það sem fram kemur í samstarfsyfirlýsingu Samfylkingar, Flokks fólksins, Pírata og Sósíalístaflokksins og Vinstri grænna um skilvirka nýtingu stafrænna lausna og notkun gervigreindar. Stafræn umbreyting er fyrst og fremst breyting á þjónustu borgarinnar, með notendamiðaða hönnun að leiðarljósi. Búið er að byggja upp stafrænar lausnir hjá borginni sem gætu t.d. nýst öðrum sveitarfélögum og í samstarfi við ríkið. Á meðal stafrænna lausna má nefna leikskólareikni, umsóknarkerfi um fjárhagsaðstoð, húsnæði, málakerfi velferðarsviðs, málakerfi skólaþjónustu, vinnslu í þjónustuveri, nemendagrunn, rafræn byggingarleyfi, lóðaumsókna kerfi, húsnæðisuppyggingarvef, framkvæmdasjá, hverfið mitt, samráðsgátt, styrkjagátt og ótal margt annað.